

Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2014-2015

4. tbl. 2014

Kæri lesandi!

Í þessu fréttabréfi er skoðuð eftirfylgni með fóðuráætlun heima á búi. Eftir afhendingu á fóðuráætlun eru nokkur atriði sem er mikilvægt fyrir bændur að hafa í huga. Þau eru til að meta hvort fóðrun og bústjórn samræmist fóðuráætlun, hvort einhverju megi breyta eða bæta og hvernig gripirnir svara fóðruninni. Fóðuráætlun á pappírformi er dauður hlutur en gripir í fjósi eru lifandi vísbending um hvernig fóðruninni líður. Hvernig getum við nálgast þetta tvennt svo ávinningur verði sem mestur?

Raunfóðrun gripa heima á búi

Gróffóður

Fjós landsmanna eru margbreytileg og aðstaða til gróffóðurgjafar því misjöfn. Við hóp fóðrun þarf að tryggja gripunum jafnt aðgengi að gróffóðrinu, t.d. með því að blanda saman ólíkum heytegundum (t.d. með lagkökumyndun) eða með því að blanda fóðrinu í heilfóðurvagni. Ekki er algilt að allir gripir komist í allt fóður hverju sinni. Til dæmis getur virðingarröð („goggunarröð“) gripa valdið því að stærri og sterkari gripir komist frekar í besta fóðrið en þættir eins og hópskipting getur einnig haft áhrif. Sé gróffóður takmarkað að magni eða fóðrað magn ekki nægilegt (ekki fóðrað nógu ört, gripir látnir standa við „tóman“ fóðurgang of lengi) kemur það helst niður á þeim gripum sem eru neðstir í virðingarröð og mögulega sjúkum og ungum gripum.

Kjarnfóður

Kjarnfóður er einn af veigamestu útgjaldaliðum kúabúa í dag og því mikilvægt að hvorki of- eða vanfóðra á því. Rétt magn, útmötunarhraði, heimsóknatíðni og rétt tegund kjarnfóðurs í kjarnfóðurbásum skiptir miklu máli upp á besta fóðurnýtingu, heilbrigði gripa og afkomu búanna. Mikilvægt er að þrifa reglulega kjarnfóðurbása, skammtara, snigla og síló. Lek síló eiga ekki að sjást. Mánaðarlega ætti að yfirfara skammtara í kjarnfóðurbásum, en rúmþyngd kjarnfóðurblanda er mjög misjöfn – jafnvel getur komið fram rúmþyngdarmunur milli sendinga. Það sama á við um kjarnfóðurgjöf í básafjósum – hvað er mikið í kjarnfóðurausunni?

Vatn

Óhreint vatn dregur úr drykkju kúnna og kemur niður á áti. Vatn er nauðsynlegt til að flytja næringarefni um líkamann, fyrir gerjun í vömb og meltingu, til að halda jöfnum líkamshita gripa auk þess sem vatn er meginhluti mjólkur. Því er varla hægt að tæpa nægilega vel á hreinlæti brynningartækja og að aðgengi gripa að brynningu sé ekki takmarkað. Brynningartæki þarf að gefa amk. 15 lítra/mín og mikilvægt er að hver hópur hafi amk. 2 brynningartæki ef eitt skyldi bila eða fyllast af óhreinindum. Hefur verið tekið vatnssýni úr vatnsveitunni nýlega? Gæði vatns eiga að vera slík að bóndinn hafi sjálfur lyst á að drekka úr brynningartækjum.

Bústjórnartæki notuð sem eftirfylgni með fóðuráætlun

Skýrsluhaldsforritið Huppa, bændavefur Auðhumlu og ýmis forrit sem bændur nota dags daglega (t.d. forrit í mjaltapjónum) geta nýst við bústjórnina. Til dæmis segir frumutala, verðefni og mjólkurmagn mikið um heilsufar hjarðarinnar, hvernig fóðrið nýtist gripunum og margt, margt fleira. Sé heilsufar hjarðar ekki gott hækkar kostnaður við mjólkurframleiðsluna auk þess tap verður á afurðum. Rétt

Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2014-2015

4. tbl. 2014

fóðrun og samsetning fóðurefna bætir heilbrigði. Það eykur einnig fóðurnýtingu sem aftur skilar verðmætari afurðum. Flestir bændur þekkja til einkenna sjúkra gripa en í einhverjum tilfellum þarf að setja upp eftirlitsgleraugun og sjá einkennin í tíma. Þannig getur regluleg holdstigun, kýrsýnataka og endurskoðun á kjarnfóðurgjöf hjálpað til. Langtíma vanfóðrun má t.d. sjá á holdafari og þunga grips. Slíkir gripir verða viðkvæmari fyrir sýkingum og álagi; atferli og hegðun breytist auk þess sem átið minnkar.

Nýting niðurstaðna úr tanksýnum

Regluleg sýnataka úr mjólk, bæði tanksýni og kýrsýni, hjálpar til við eftirlit. Verðefni mjólkur skiptast í fitu og prótein, en einnig má nýta mæligar á úrefni, mjólkursykri, frjálsum fitusýrum og frostmarki til að glöggva sig á því hvernig gripirnir bregðast við fóðrinu. Greinin „Tanksýnin gefa góða vísbendingu um fóðrun kúnna“ sem Jóna Þórunn Ragnarsdóttir þýddi og staðfærði er ágætis yfirlit yfir þetta efni. Greinina má nálgast á heimasíðu RML (undir Nytjaplöntur). Hvet ég eindregið til lesturs á þeirri grein með heilbrigði og afurðagetu gripa í huga, og sem eftirfylgni með fóðuráætlun.

Heilsa gripanna okkar er besti mælikvarðinn á hvernig til tekst með fóðrun. Því er gott að spyrja sig nokkurra spurninga:

- Er holdafar gripsins ásættanlegt miðað við stöðu á mjaltaskeiði?
- Er úrgangur gripsins (saur og þvag) eðlilegur?
- Er atferli gripsins eðlilegt?

Birtar hafa verið margar góðar greinar um þessi málefni í gegnum tíðina. Grein Laufeyjar Bjarnadóttur „Holdstigun íslenskra mjólkurkúa“ sem birtist í Frey 2001 ætti t.d. að vera skyldulesning á hverju kúabúi. Einnig er hægt að lesa áhugaverðar lokaritgerðir frá Lbhí í Skemmunni (skemman.is) en þar er meðal annars hægt að finna greinar um atferli mjólkurkúa út frá aðbúnaði og aðgengi að fóðri.

Að lokum

Er fóðurnýting á búinu mínu ásættanleg? Hvað eru framleidd mörg kg af mjólk á hvert þurrefniskíló sem gripunum er gefið? Fara kýrnar jafn hátt í nyt og fóðuráætlun gerir ráð fyrir? Eru verðefnin yfir mörkum grundvallarmjólkur? Eru kýrnar að mestu lausar við framleiðslusjúkdómanna doða og súrdoða? Er frjósemin ásættanleg miðað við afurðastig? Hvar eru helstu sóknarfæri á mínu búi? Betur sjá augu en auga og því getur verið gott að hafa samband við ráðunaut og velta öllum steinum ef vandamál koma upp. Kýrnar eru lifandi einstaklingar sem koma upp um fóðrunarvandamál með heilbrigði sínu. Þessar vísbendingar má ekki hundska eigi framleiðslan að ná settum markmiðum.

Anna Lóa Sveinsdóttir
Þjónusturáðunautur með fóðrunarverkefni
hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
als@rml.is